

Ferðapjónustan Húsafell ehf.
Bergþór Kristleifsson
Húsafelli
320 Reykholt

2002060046
3510; 9310

Reykjavík, 15. ágúst 2002
/--

Efni: Allt að 400 kW vatnsaflsvirkjun í landi Húsafells í Borgarfjarðarsveit. Ákvörðun um matskyldu

Vísað er til erindis Landlína f.h. Ferðapjónustunnar Húsafells ehf., dags. 18. júní 2002 og frekari gagna dags. 2. júlí 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt allt að 400 kW vatnsaflsvirkjun í landi Húsafells í Borgarfjarðarsveit, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Borgarfjarðarsveitar, Flugmálastjórnar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Borgarfjarðarsveit með bréfi dags. 2. ágúst 2002, Flugmálastjórn með bréfi dags. 26. júlí 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. júlí 2002, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 24. júlí 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 6. ágúst 2002. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 19. júlí 2002, með tölvupósti 29. júlí 2002, 9. ágúst 2002 og 13. ágúst 2002 og með símbréfi 14. ágúst 2002.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Framkvæmdin felur í sér byggingu á allt að 400 kW vatnsaflsvirkjun með 0,85 ha miðlunarlóni í farvegi Kiðár, færslu á farvegi Kaldár, 25-30.000 m³ efnistöku vegna dýpkunar á farvegi Kiðár neðan við fyrirhugað stöðvarhús, haugsetningu efnis og byggingu 730 m aðkomuvegar að virkjun, þar af 210 m nýlagning. Jörðin Húsafell er á náttúruminjaskrá. Tilgangur framkvæmdarinnar er m.a. að tryggja raforku á svæðinu og styrkja rekstur Ferðapjónustunnar Húsafells.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Borgarfjarðarsveitar kemur fram að ekki sé talin þörf á mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að á framkvæmdasvæðinu séu þrír fornleifastaðir, Kiðaréttir, Hiskotavið í Kiðá og þúst sem líklega séu leifar af kolagröf. Fram

kemur að óhjákvæmilegt virðist að Kiðaréttir og meint kolagröf skerðist vegna framkvæmdanna en þeim megi ekki raska án leyfis Fornleifaverndar ríkisins. Fornleifavernd ríkisins telur að fullnægjandi gögn um fornleifar á svæðinu liggi fyrir og telur því að framkvæmdin skuli ekki háð mat á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Hiskotavað muni hverfa því Kiðá muni flytjast úr farvegi sínum til suðurs. Kiðaréttir séu hins vegar ekki í hættu og réttirnar muni verða aðgengilegar fólki eftir að virkjun hafi verið reist. Réttirnar og kolagröfin muni verða merktar og verndaðar í samráði við Fornleifavernd ríkisins.

Í umsögn Flugmálastjórnar kemur fram að gert sé ráð fyrir að núverandi flugbraut nýtist áfram um skeið þó framkvæmdir vegna virkjunar eigi sér stað. Ennfremur segir að ekki sé talið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur m.a. fram að auk virkjunar verði aðkomuvegur lagður að virkjun um svæði á náttúruminjaskrá en nýlagning vegar á slíkum svæðum falli undir lið 10b. í 2. viðauka laga 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þá verði farvegum Kaldár og Kiðár breytt, þannig að Kaldá verði veitt eftir skurði í uppistöðulón og gamall farvegur græddur upp. Kiðá verði hins vegar færð úr núverandi farvegi í "stokk" sem liggur frá virkjun að Hvítá. Þá verði ráðist í gerð 1080 m langrar flugbrautar sunnan virkjunar. Þá segir að Náttúruvernd ríkisins telji að miðað við umfang og stærð sjálfrar virkjunarinnar standi til að raska óvenju stóru svæði beint og óbeint í tengslum við framkvæmdina og í ljósi sammögnunaráhrifa telji Náttúruvernd ríkisins að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram fyrirhugaður aðkomuvegur að virkjun sé 730 m langur og þar af séu um 210 m nýlagning og áætluð efnisþörf vegna nýlagningar sé um 500 m³ sem tekið verði úr farvegi Kiðár. Þá segir að aðkoma að virkjun muni verða meðfram flugbraut þar til ráðist verði í lengingu hennar. Þá kemur fram í svörum að Kaldá (meðalrennsli um 2 m³/s) verði veitt eftir skurði og um rör yfir í Kiðá en í vatnavöxtum muni yfirfallsvatn renna eftir núverandi farvegi árinna auk þess sem Myllulækur (meðalrennsli um 0,5 m³/s) muni áfram renna í núverandi farveg. Því sé ekki unnt að græða upp farveg Kaldár. Farvegi Kiðár verði hins vegar ekki breytt heldur verði farvegur hennar neðan virkjunar dýpkaður um allt að 5 metra, mest rétt neðan stöðvarhúss. Áætluð efnistaka vegna dýpkunar sé 25-30.000 m³ miðað við 6 m botnbreidd og bakka með halla 1:2. Framkvæmdaraðili vekur athygli á því að nú þegar sé virkjun í Kiðá, efnistaka hafi farið fram í farvegi árinna m.a. til byggingar flugbrautar og húsagerðar, og því sé nú þegar búið að raska náttúrulegum farvegi hennar. Þá segir að þar sem ekki verði ráðist í flugvallagerð samtímis framkvæmdum vegna virkjunar, muni mest af því efni sem fáið úr farvegi Kiðár verða jafnað út beggja vegna meðfram núverandi flugbraut, allt frá vesturenda að nýjum fyrirhuguðum farvegi Kaldár og þar með verða nýtt sem öryggissvæði fyrir flugbraut. Þá muni efni einnig verða jafnað út á áreyrum vestan núverandi farvegamóta Kaldár og Kiðár, í eldri farvegi Kiðár og í eldra

efnistökusvæði sem sé í farvegi árinna.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu á allt að 400 kW vatnsaflsvirkjun í landi Húsafells í Borgarfjarðarsveit með 0,85 ha miðlunarlóni í farvegi Kiðár, 25-30.000 m³ efnistöku úr farvegi Kiðár og haugsetningu þess, breytingu á núverandi farvegi Kaldár og uppbyggingu á 730 m aðkomuvegi að virkjun, þar af nýlagningu á um 210 m. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í gögnum framkvæmdaraðila er fjallað um virkjun og framkvæmdir henni tengdar. Skipulagsstofnun lítur svo á að umfjöllun um lengingu flugbrautar sé sett fram sem hugsanlegur möguleiki til aðgerða sem í ljósi umsagnar Flugmálastjórnar séu ekki fyrirhugaðar á næstunni. Áður en til þeirra framkvæmda komi þurfi að ganga úr skugga um hvort þær falli undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum. Þær séu hins vegar ekki hluti ákvörðunar um matsskyldu allt að 400 kW vatnsaflsvirkjunar í landi Húsafells.

Skipulagsstofnun telur að bygging ofangreindrar vatnsaflsvirkjunar í landi Húsafells ásamt efnistöku og haugsetningu þess muni ekki hafa verulegt rask í för með sér. Skipulagsstofnun telur að nýlagning aðkomuvegar um 210 m muni ekki valda verulega meira raski en núverandi slóð, sem lögð var árið 1970, gerir nú þegar. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af viðmiðum 3. viðauka laga nr. 106/2000 að fyrir liggi allar nauðsynlegar upplýsingar um náttúrufar á svæðinu og áhrif framkvæmdanna á það.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 400 kW vatnsaflsvirkjun í landi Húsafells í Borgarfjarðarsveit sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Borgarfjarðarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Breyta þarf Aðalskipulagi Húsafells 1990-2010 hvað varðar staðsetningu virkjunar (húss), uppistöðulóns og flutning Kaldár auk þess sem marka þarf stefnu um rennslisvirkjanir í sveitarfélaginu og gera grein fyrir þessum breytingum í Húsafelli í aðalskipulagi því sem verið er að vinna fyrir Borgarfjarðarsveit. Bent er á að kynntar breytingar á flugvelli og öryggisvæði hans í auglýstu deiliskipulagi Húsafells III kalla einnig á aðalskipulagsbreytingu í Húsafelli.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 16. september 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Páll Jakob Línadal

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Borgarfjarðarsveit, Flugmálastjórn, Fornleifavernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins.